



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykólahrepps
Þriðjudaginn 11. september 2012, kl. 16:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Karl Kristjánsson og Ingvar Samúelsson. Einnig sat fundinn Anna Greta Ólafsdóttir skólastjóri, Steinunn Rasmus fh. kennara grunnskólasviðs, Katla Tryggvadóttir fh. foreldrafélag leikskólasviðs, Eyvindur Magnússon foreldrafélag grunnskólasvið og Ingibjörg B Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1208049 - Fundargerð fundar í mennta og menningarmálanefnd 14. ágúst 2012.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt.

2. 1209012 - Umsókn um undanþágu á leikskóla

Erindi frá skólastjóra dagsett 27. ágúst 2012

Formaður og skólastjóri viku af fundi undir þessum lið.

Nefndin samþykkir undanþáguna samhljóða.

3. 1209013 - Ráðning deildarstjóra á deild.

Erindi frá Björgu Karlsdóttur leikskólakennara dagsett 28. ágúst 2012.

Nefndin fór yfir erindið. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við skólastjóra.

4. 1209014 - Æskulýðsmál sveitarfélagsins.

Erindi frá Rebekku Eiríksdóttur og varðar fyrirkomulag á málaflokknum.

Nefndin tekur jákvætt í erindið og vísar því til gerðar fjárahagsáætlunar fyrir árið 2013.

5. 1209018 - Skýrsla skólastjóra.

Skólastjóri lagði fram og fór yfir skýrslu tímabilsins, einnig lagði hún fram starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2012 – 2013.

6. 1209019 – Styrkur vegna tónlistakennslu haustið 2012.

Erindi frá Guðrúnu Guðmundsdóttur dagsett 30. ágúst 2012.

Nefndin samþykkir erindið og vísar því til afgreiðslu hreppsnefndar. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

7. 1209015 - Skilgreining á skóladögum í grunnskólum.

Álit mennta- og menningarmálaráðuneytis dagsett 16. ágúst 2012.

Skólastjóri fór yfir erindið.

8. 1209016 - Ungt fólk 1992-2012 – Æskulýðsrannsóknir í 20 ár.

Bæklingar til kynningar frá European Agency for Development in Special needs Education 2011. Bæklingar sendur rafrænt, lagður fram á fundi.

Kynnt, bæklingur lagður fram.

9. 1209017 - Fundargerðir samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands 30. ágúst og 6. september 2012

Fundargerðir lagðar fram.

Önnur mál (ef einhver):

Fundargerð lesin, fundi slitið 17:01
